



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Borgarbyggð  
Sigurður Páll Harðarson,  
forstöðumaður framkvæmdasviðs  
Borgarbraut 11  
310 Borgarnes

Reykjavík, 20. apríl 2007  
Tilvísun: UST20070200156/sf

## Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 vegna hafnar svæðis í Brákarey í Borgarfirði

Vísað er til tölvupósts frá VA arkitektum frá 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997 – 2017 og að umsögnin verði send til framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

Breytingin felst í því að afmarkað svæði fremst í Brákarey í Borgarnesi er skilgreint sem hafnar svæði og er gert ráð fyrir að þar verði byggð smábátahöfn í áföngum. Gerð smábátahafnarinnar kallar á varnargarða sem væntanlega verða byggðir upp með malarfyllingum og gæti fyrirhuguð landfylling orðið um 7740 m<sup>2</sup> samkvæmt greinargerð með skipulagstillögunni. Auk þess er áformað að reisa skólphreinsistöð á fyrirhuguðu hafnar svæði samkvæmt nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Utanverður Borgarfjörður og Borgarvogur eru á náttúruminjaskrá (svæði nr. 212 og 239) vegna mikilvægis svæðanna fyrir fuglalíf. Svæðunum er lýst með eftirfarandi hætti í náttúruminjaskrá:

*Utanverður Borgarfjörður, Álfaneshreppi, Borgarbyggð (áður Borgarneshr.) Borgarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákareyjar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þórmóðssker að Álfanesi á Mýrum. (2) Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.*

*Borgarvogur, Borgarbyggð, Mýrasýslu. (1) Borgarvogur allur ásamt fjörum. (2) Leirur og fitjar með miklu fuglalífi.*


Fyrirhugaðar framkvæmdir við smábátahöfn og skólphreinsistöð eru því innan svæða sem eru á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur þó ekki ástæðu til að gera athugasemdir við framangreinda breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar. Brákarey hefur nú þegar verið raskað


með mannvirkjagerð og fyrirhuguð landfylling í tengslum við smábátahöfn er ekki það umfangsmikil að hún muni hafa afgerandi áhrif á verndargildi þeirra svæða sem eru á náttúruminjaskrá. Þá tekur Umhverfisstofnun undir það sem fram kemur í greinargerð með skipulaginu að sameining útrása, frárennslis og dæling á haf út sé til bóta fyrir umhverfið.

Umhverfisstofnun vill þó vekja athygli á að mikilvægt er að stuðlað verði að vernd þeirra svæða sem eru á náttúruminjaskrá vegna auðugs lífríkis. Stöðugt gengur á sjávarfitjar og leirur vegna ýmissa framkvæmda, s.s. landfyllinga, og því hafa þau svæði sem enn eru eftir óröskuð sífellt meira verndargildi. Umhverfisstofnun hvetur því til þess að sveitarfélagið marki stefnu um vernd slíkra svæða, t.d. með því að skilgreina þau sem hverfisverndarsvæði á aðalskipulagi.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Sigurrós Friðriksdóttir  
fagstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.  
VA arkitektar ehf., b.t. Richards Ólafs Briem.